

## Líkamsrækt bæjarstarfsmanna - 1904108

Heilsuþæringin Hafnarfjörður hefur boðið starfsmönnum sínum upp á líkamsræktarstyrki og hálfárskort í sundlaugar bæjarins á 1000kr. Önnur hlunnindi eru ekki í boði fyrir bæjarstarfsmenn.

Stýrihópur um heilsuþæringin Hafnarfjörður ræddi og skoðað þetta mál sérstaklega á fundi sínum í byrjun apríl. Niðurstaða varð að leggja til við fræðsluráð að til að auka líkamsrækt og hreyfingu bæjarstarfsmanna verði þeim boðið frítt í sund gegn framvísun starfsmannakorts. Hingað til hefur lítill hópur keypt sér þessi kort en yfirlit yfir seld kort má sjá hér í töflu:

Ártal	Fjöldi seldra korta
2010	301
2011	275
2012	349
2013	428
2014	444
2015	483
2016	521
2017	487
2018	480

Heilsa og lífstíll þeirra 1800 starfsmanna sem starfa hjá sveitarfélaginu er afar dýrmæt auðlind sem ber að rækta enn frekar. Markmiðið með þessari aðgerða er að ýta enn frekar undir að starfsmenn stundi heilbrigða lífshætti.

Fyrir hönd stýrihóps um heilsuþæringin Hafnarfjörður



Geir Bjarnason, íþrótt- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar